

Sp. 332. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um staðfestingu á samkomulagi um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

(Lögð fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

Alþingi ályktar að staðfesta samkomulag frá 2. apríl 1980 um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

Bréfaskipti um samkomulag þetta eru birt sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með bréfi 18. mars s.l. til sjávarútvegsráðuneytisins fór Landssamband íslenskra útvegsmanna þess á leit að íslensk stjórnvöld beindu þeim tilmælum til færeyskra stjórnvalda að Íslendingar fengju heimild til veiða á 15—20 þúsund lestum kolmunna í fiskveiðilögsögu Færeyja á þessu ári. Samkvæmt niðurstöðu

viðræðna við Færeyinga frá 10. janúar 1979 fengu Íslendingar heimild til að veiða á síðastliðnu ári 35 000 lestir kolmunna innan færeyskrar fiskveiðilögsögu og Færeyingar heimild til að veiða 17 500 lestir loðnu og 17 500 lestir kolmunna innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Vegna ástands loðnustofnsins þótti ekki fært að gera sams konar samkomulag um veiðar á þessu ári.

Íslensk stjórnvöld ákváðu að verða við beiðni L.Í.Ú. og fóru þess á leit við færeysk stjórnvöld að gert yrði samkomulag um gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þúsund lestum kolmunna innan fiskveiðilögsögu landanna. Landsstjórn Færeyja samþykkti þessa tillögu. Gengið var frá samkomulaginu í bréfi utanríkisráðherra til Atla Dam lögmanns, dags. 2. apríl, og svarbréfi Atla Dam s. d. Bréfin eru birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Í bréfunum er vitnað í ákvæði niðurstaða viðræðnanna frá 10. janúar 1979 og er þar m. a. átt við tilkynningarskyldu skipanna og skyldu til að hlíta reglum um lágmarksstærð og friðunarsvæði.

Fylgiskjal.

Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 2. apríl 1980.

Hr. lögmaður,

Með vísan til niðurstaðna viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga sem undirritaðar voru í Reykjavík 10. janúar 1979 leyfi ég mér að bera fram tillögu þess efnis, að veittar verði gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þúsund lestum af kolmunna í fiskveiðilögsögu Færeyja og Íslands á árinu 1980. Um nánara fyrirkomulag þessara veiða verði haft beint samband milli íslenska sjávarútvegsráðuneytisins og landsstjórnar Færeyja. Að öðru leyti mun verða farið eftir niðurstöðum ofangreindra viðræðna frá 10. janúar 1979.

Ef þér fallist á ofangreint, hr. lögmaður, bið ég um staðfestingu yðar þar að lútandi.

Ólafur Jóhannesson.

Hr. Atli Dam, lögmaður
Føroya landsstýri
Tórshavn

Svar lögmanns Færeyja til utanríkisráðherra Íslands.

Tórshavn, tann 2. apríl 1980.

Harra utanríkisráðharri,

Eg havi tikið ímóti telexavriti av brævi tygara til mín dagfest 2. apríl 1980 um sínamilum svartkjaftaveiðu í 1980.

Við hesum verður váttað, at frá føroyskari síðu verður loyvt íslenskum skipum at veiða 20.000 tons av svartkjafti á sjóøki Føroya í 1980. Eg taki til eftirtektar, at føroyskum skipum verður loyvt at fiska 20.000 tons av svartkjafti á sjóøki Íslands í 1980.

Eg eri samdur í, at gjølligari forskriftir fiskiskapinum viðvíkjandi verða avgreiddar beinleiðis millum fiskimálaráðið í Reykjavík og Føroya landsstýri.

Atli P. Dam, lögmaður.

Harra Ólafur Jóhannesson
Uttanríkisráðharri
Reykjavík.